



Fundargerð

Tilv. 1801077/2.10.1

Fundur: Grisjunarráð 6/2018.
Dagsetning og tími: 31. maí 2018, kl. 12.
Boðaðir: Eiríkur G. Guðmundsson þjóðskjalavörður, Njörður Sigurðsson sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs og Svanhildur Bogadóttir borgarskjalavörður
Mættir: Allir mættir
Fundarritari: Njörður Sigurðsson, sviðsstjóri upplýsinga- og skjalasviðs

Dagskrá:

1. Samþykkt og undirritun fundargerða grisjunarráðs dags. 11. og 26. apríl 2018.
2. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – kennsluáætlanir (málsnr. 1803049).
3. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – gamlir prófbankar (málsnr. 1803048) (var á dagskrá 11. apríl 2018) .
4. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – stundatöflur (málsnr. 1803047).
5. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – umsóknir um skólavist (málsnr. 1803045).
6. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 24. apríl 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1804109).
7. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnunar dags. 26. apríl 2018 – stöðlunargögn á lesfimiþrófum (málsnr. 1804131).
8. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 26. apríl 2018 – vinnuskjöl fyrir fréttir og fréttatengda þætti (málsnr. 1804128).
9. Grisjunarbeiðni Kvennaskólans í Reykjavík dags. 4. maí 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1805015).
10. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins á Austurlandi dags. 14. maí 2018 – afrit af lögregluskýrslum (málsnr. 1804134).
11. Grisjunarbeiðni Garðabæjar dags. 15. maí 2018 – myndbönd vegna greininga á börnum (málsnr. 1805053).
12. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 15. maí 2018 – vottorð um veikindi og aðrar hamlanir nemenda (málsnr. 1805052).

Þjóðskjalavörður setti fund og gengið var til dagskrár.



1. Samþykkt og undirritun fundargerða grisjunarráðs dags. 11. og 26. apríl 2018.

Fundargerðir grisjunarráðs frá 11. og 26. apríl samþykktar og undirritaðar.

2. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – kennsluáætlanir (málsnr. 1803049).

Beiðninni var hafnað. Skjölin varða sérverkefni skólans og varpa ljósi á starfsemi og lögbundin verkefni. Kennsluáætlanir geta sýnt, þegar fram líða stundir, þróun í starfsemi og áherslu í námi.

3. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – gamlir prófbankar (málsnr. 1803048) (var á dagskrá 11. apríl 2018) .

Beiðninni var hafnað. Skjölin varða sérverkefni skólans og varpa ljósi á starfsemi og lögbundin verkefni. Próf geta sýnt, þegar fram líða stundir, þróun í starfsemi og áherslu í námi.

4. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – stundatöflur (málsnr. 1803047).

Beiðninni var hafnað. Skjölin varða sérverkefni skólans og varpa ljósi á starfsemi og lögbundin verkefni. Stundatöflur geta sýnt, þegar fram líða stundir, þróun í starfsemi og áherslu í námi.

5. Grisjunarbeiðni Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra dags. 12. mars 2018 – umsóknir um skólavist (málsnr. 1803045).

Beiðninni var hafnað. Umsóknir um skólavist eru mál sem koma til meðferðar skólans. Því ber að varðveita skjölin í skjalasafni skólans.

6. Grisjunarbeiðni Seðlabanka Íslands dags. 24. apríl 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1804109).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Óskað er eftir nánari upplýsingum um tilurð og eðli skjalanna og hvort að þau verði til vegna reksturs stofnunarinnar eða við vinnslu lögbundinna verkefna.

7. Grisjunarbeiðni Menntamálastofnunar dags. 26. apríl 2018 – stöðlunargögn á lesfimiþrófum (málsnr. 1804131).

Beiðninni var hafnað. Gagnagrunnurinn Skólagátt hefur ekki enn verið tilkynntur og samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands og því ekki tryggt að upplýsingarnar muni varðveitast til lengri tíma. Þegar gagnagrunnurinn Skólagátt hefur verið tilkynntur og samþykktur af Þjóðskjalasafni má endurskoða ákvörðun um grisjun gagnanna.

8. Grisjunarbeiðni Ríkisútvarpsins ohf. dags. 26. apríl 2018 – vinnuskjöl fyrir fréttir og fréttatengda þætti (málsnr. 1804128).

Afgreiðslu beiðnarinnar var frestað. Óskað er eftir nánari upplýsingum um tímabil sem skjölin ná yfir og hvort þörf sé að varðveita upplýsingarnar lengur en í átta vikur eins og óskað er eftir í beiðninni, s.s. vegna hagnýts gildis.



9. Grisjunarbeiðni Kvennaskólans í Reykjavík dags. 4. maí 2018 – fylgiskjöl bókhalds (málsnr. 1805015).

Beiðnin var samþykkt. Kvennaskólanum í Reykjavík er heimilt að eyða umbeðnum fylgiskjöllum bókhalds sem ná yfir tímabilið 2009–2010 sjö árum eftir að reikningsári lýkur með því skilyrði að varðveita sem sýnishorn öll fylgiskjöl frá apríl, ágúst og desember fyrir ár sem enda á 0 og 5. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin innihalda upplýsingar sem eru notaðar við færslu bókhalds og hafa því tímabundið gildi. Sýnishornataka eins og með önnur bókhaldsgögn.

10. Grisjunarbeiðni Sýslumannsins á Austurlandi dags. 14. maí 2018 – afrit af lögregluskýrslum (málsnr. 1804134).

Beiðnin var samþykkt. Sýslumanninum á Austurlandi er heimilt að eyða umbeðnum afritum af lögregluskýrslum sem ná yfir tímabilið 1985–1991 þegar hagnýtu og stjórnsýslulegu gildi þeirra er lokið. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru afrit og frumrit þeirra hefur verið afhent Þjóðskjalasafni Íslands til varðveislu.

11. Grisjunarbeiðni Garðabæjar dags. 15. maí 2018 – myndbönd vegna greininga á börnum (málsnr. 1805053).

Beiðnin var samþykkt. Garðabæ er heimilt að eyða umbeðnum myndböndum vegna greininga á börnum sem ná yfir tímabilið 2014–2018 þegar þau eru orðin fimm ára gömul. Forsenda ákvörðunarinnar er að skjölin eru vinnugögn sem hafa tímabundið gildi og niðurstaða er varðveitt í skýrslum og matslistum í skjalasafni Garðabæjar.

12. Grisjunarbeiðni Háskólans á Akureyri dags. 15. maí 2018 – vottorð um veikindi og aðrar hamlanir nemenda (málsnr. 1805052).

Beiðninni var hafnað. Gagnagrunnurinn Uglya hefur ekki enn verið tilkynntur og samþykktur af Þjóðskjalasafni Íslands og því ekki tryggt að upplýsingarnar muni varðveitast til lengri tíma. Þegar gagnagrunnurinn Uglya hefur verið tilkynntur og samþykktur af Þjóðskjalasafni má endurskoða ákvörðun um grisjun gagnanna.

Fundi slitið kl. 13:19.

Eiríkur G. Guðmundsson (sign)

Njörður Sigurðsson (sign)

Svanhildur Bogadóttir (sign)